



301. Stjórnarfundur haldinn 6. desember 2007 kl:17:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Sveinn, og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá:UMFÍ v/samþykktar tillagna á 45. sambandsþingi og fræðslustefna hreyfingarinnar, UMFÍ v/ yfirlit um lottógreiðslu, en greiddur var út aukamánuður samkvæmt samþykkt þingsins, UMFÍ þinggerð 45. sambandsþings, Skattstjóra Reykjanesumdæmis v/ leiðréttingar á álagningu á aðalstjórn, tölvupóstur frá Jóhönnu Reynisdóttur útibústjóra Kaupþings banka Reykjanesbæ v/ þriggja styrkja til einstaklinga og tölvupóstur frá formanni körfuknattleiksdeildar Birgir Mía Baragasyni v/ hugmyndar að stofna sjóðs fyrir íþróttaslys. *Tölvupóstur formanns körfuknattleiksdeildar móttekin.*

3. Send bréf.

Engin.

4. Jólblað.

EH fór yfir handrit af jólblaðinu en blaðið er enn í vinnslu og verður 40 síður. Blaðið verður eitthvað seinna á ferðinni en áætlað var. 3. fl.kv.í knattspyrnu hefur tekið að sér að bera út blaðið. Stjórnarmenn ánægðir með blaðið.

5. Íþróttamaður Keflavíkur.

Óska eftir tilnefningu frá deildum. Haldið verður hóf fimmtudaginn 27. des. kl. 20:00 í félagsheimili okkar að Hringbraut 108 þar sem kjöri á íþróttamanni Keflavíkur 2007 verður lýst.

6. Önnur mál.

EH sagði frá því að bókhald aðalstjórnar væri fært til dagsins í dag og verið væri að vinna í færslu á bókhaldi nokkrar deilda. En vantar bókhaldsgögn frá aðilum sem aðalstjórn hefur verið að færa.

Næsti stjórnarfundur fimmtudaginn 20. des. Kl.17:05.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00

